

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 8. maí 2024

Mál nr. S-674/2023:

Ákærvaldið

(Alla Rún Rúnarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Kristni Kristinssyni

(Andrés Már Magnússon lögmaður)

Dómur

1 Mál þetta, sem var dómtekið 11. apríl sl., höfðaði Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra með tveimur ákærum, báðum dagsettum 20. desember 2023, á hendur Kristni Kristinssyni, kt. [...], [...], [...].

Í þeirri fyrri eru ákærða gefin að sök

„líkamsárás og vopnalagabrot:

I.

Með því að hafa fimmtudaginn 13. apríl 2023, fyrir utan [...] ráðist að A, kt. [...], og slegið hann í höfuð/andlit með sjálfustöng, þannig að hann hrasaði og datt í jörðina, með þeim afleiðingum að hann hlaut mar og smásár á hægri augabrún og skrapsár á hægri hné.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

II.

Með því að hafa sama dag fyrir utan [...], verið með í vörslum sínum á almannafæri teygjubyssu og stálkúlur til að nota í byssuna og stunguhníf með tveimur hnífsblöðum.

Telst þetta varða við 1. mgr. og b lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Jafnframt er gerð krafa með vísun til 1. mgr. 37. gr. ofangreindrar vopnalaga, að haldlagður stunguhnífur og teygjubyssu og stálkúlur, verði gerð upptæk til ríkissjóðs.

Í þeirri síðari er ákærða gefið að sök

„vopnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 18. ágúst 2023, verið með vasahníf í vörslum sínum á skurðdeild Sjúkrahússins á Akureyri við Eyrarlandsveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16, 1998, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Með vísan til 1. mgr. 37. gr. laga nr. 16, 1998 er þess krafist að haldlagður hnífur verði gerður upptækur.“

- 2 Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann mótmælir upptökukröfum. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda.

Fyrri ákæra, ákæruliðir 1 og 2

Málavextir

- 3 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu hringdi brotþoli, A, í lögreglu 13. apríl 2023 og tilkynnti um að eitthvað hafi gengið á milli ákærða og B að [...]. Lögreglumenn frá [...] fóru á vettvang en ræddu í síma við brotþola á leið þangað. Í símtalinu kom fram að B hefði komið á heimili hans til að fá að hringja. Hún hafi hringt í neyðarlínu og sagt að ákærði hafi eyðilagt muni í húsi hennar að [...]og komið hafi til átaka þeirra á milli. Að beiðni B hafi brotþoli farið með henni að heimili hennar og þar hefði komið til átaka en ákærði væri farinn af vettvangi.
- 4 Því er lýst að þegar lögregla kom á vettvang hafi B, brotþoli og ákærði staðið á bifreiðastæði við húsið. Blóð hafi verið í andliti brotþola og ákærði haldið á svartri stöng. Brotþoli hafi lýst því að ákærði hafi beðið um símann sinn og sakað brotþola um að hafa tekið hann en hann svarað að hann vissi ekkert um hann. Ákærði hafi þá reiðst og lamið hann í andlitið með svörtu áhaldi með þeim afleiðingum að hann féll í jörðina. Brotþoli hafi kvartað undan eymslum kringum hægra auga og í hægri fæti og áverkar verið sjáanlegir á báðum stöðum.
- 5 Fyrir liggur vottorð D lækni, dags. 26. júní 2023. Þar kemur fram að hann hafi skoðað brotþola 13. apríl sama ár vegna áverka af hendi annars manns. Þar er skráð að brotþoli hafi verið barinn í andlit og hrint í götuna og dreginn einhvern spöl. Hann hafi verið með mar og smásár á hægri augabrún og 3 cm skrapsár á hægra hné.

Framburðir fyrir dómi

- 6 Ákærði kvaðst áður hafa búið í sama húsi og brotþoli, að [...]. B hafi beðið ákærða að gæta íbúðar sinnar á meðan hún var á sjúkrahúsi. Þennan dag hafi hún verið komin aftur og hent ákærða út. Hann hafi farið út en hún kallað á hann að koma aftur og þau þá farið að rífast. B hafi verið reið vegna einhvers. Allt í einu hafi brotþoli verið kominn þarna. Kvaðst ákærði mögulega hafa verið ógnandi við B og brotþoli hafi því hoppað á milli þeirra. Ákærði hafi þá verið með sjálfustöng í hönd, haldið að brotþoli væri að ráðast á hann og því rétt slegið á enni hans. Hann hafi svo ýtt brotþola frá sér og hann þá dottið. Síðar í skýrslutökunni sagði hann að brotþoli hafi ætlað að stökkva á ákærða sem hafi

vikið sér undan og brotaþoli þá dottið. Ákærði kvað brotaþola ekki hafa fengið áverka þegar hann sló stönginni í enni hans en hann hafi fengið sár þegar hann datt. Ákærði kvað þá brotaþola síðar hafa sæst og það væri eins og ekkert hefði í skorist þeirra á milli.

- 7 Varðandi hníf, teygjubyssu og stálkúlur sem fundust á honum þetta sinn, sbr. ákærulið 2, kvaðst ákærði hafi notað teygjubyssuna til að skjóta á mark, á kókflöskur og slíkt. Kvað hann E hafa átt bæði teygjubyssuna og hnífinn sem hann var með, þetta hafi verið á heimili B. Hann kvað vel geta verið að hann hafi verið með þetta á sér þó hann minnst þess ekki. Hann vísaði til þess að hnífurinn væri vasahnífur sem hljóti að vera leyfilegt að vera með. Þá séu kúlurnar úr leir en ekki stáli.
- 8 Brotaþoli, vitnið A, kvaðst hafa verið heima þennan dag, með opið út því veður hafi verið gott. B hafi komið og verið hátt stemmd. Hún hafi viljað fá að hringja í lögreglu til að láta fjarlægja ákærða af heimili sínu. Þá hafi hún beðið brotaþola að koma með sér að heimili hennar því hún væri hrædd við ákærða og brotaþoli hafi fallist á það. Þau hafi hitt ákærða þar. Hann hafi verið æstur og ógnvekjandi og hent blómapotti og fleiru af stigapalli niður á lóð. Ákærði og B hafi rifist og B sagt ákærða að fara. Hann hafi lagt af stað í burtu og verið með heyrnartól á höfði. Hann hafi sest niður á horni [...] og [...] en svo komið aftur og sagt þeim að skila símanum hans. Þau hafi ekki verið með símann en B hafi bent ákærða á sjálfustöng. Ákærði hafi tekið hana, dregið hana út og sveiflað henni í augnkrók brotaþola svo rifnað hafi niður úr. Brotaþoli hafi ýtt ákærða frá sér en ákærði þá hrint honum. B hafi dregið ákærða af brotaþola og hann þá staðið upp. Lögregla hafi þá komið og tekið ákærða sem hafi þá verið rólegur. Brotaþoli kvað ákærða hafi slegið hann af afli og verið ógnandi en hann væri þó ekki viss um að ákærði hafi haft ásetning til þess, hann hafi verið í „svo miklu geðrofi.“ Brotaþoli kvaðst þekkja ákærða því þeir hafi áður búið í sama húsi. Hann hafi aldrei áður orðið fyrir neinu slíku af hálfu ákærða og ákærði hafi síðar beðið hann afsökunar.
- 9 Brotaþoli kvað ákærða hafa verið með hníf þegar hann kom út. Hann hafi þó verið lokaður og ákærði ekki sýnt þess merki að hann ætlaði að beita honum. B hafi slegið hnífinn úr hendi hans í blómabeð.
- 10 Vitnið lögreglumaður nr. F kvað hafa borist tilkynning um einhverja uppákomu á [...]. Fjórir hafi verið á vettvangi þegar þangað var komið, ákærði, brotaþoli, B og G. Þeim hafi verið tjáð að ákærði hafi slegið annan í andlitið með stöng. Hann hafi verið handtekinn og færður til Akureyrar en brotaþoli færður til skoðunar. Hann kvað brotaþola hafa verið með áverka nærri auga.
- 11 Vitnið lögreglumaður nr. H kvaðst hafa farið frá [...] í útkall á [...]. Ákærði hafi verið kominn inn í lögreglubifreið þegar hann kom á vettvang en vitnið hafi rætt við B. Hún hafi lýst því að hafa komið heim kvöldið áður og ákærði þá verið þar. Hún hafi því gist annars staðar en komið að morgni og allt verið á rúu og stúi. Til orðaskipta hafi komið milli þeirra og ákærði reiðst og brotið spegil og blómapott, kastað í hana gosflösku og sparkað í hana. Hún hafi reynt að stöðva vegfarendur en enginn leyft henni að hringja og hún hafi þá farið til brotaþola. Hún hafi svo fengið hann til að koma með sér að heimili sínu því hún væri hrædd við ákærða. Þegar þau komu þangað hafi ákærði verið úti og

gengið af stað í burtu. Hann hafi svo komið æstur til baka og beðið um símann sinn. Hún hafi sagt að hún vissi ekki um hann en rétt honum sjálfustöng. Brotapoli hafi gengið á milli þeirra og ákærði þá slegið hann í höfuðið með stönginni. Þeir hafi lent í götunni og hún dregið ákærða af brotþola. Lögregla hafi svo komið á vettvang. Vitnið kvað brotþola hafa verið verulega brugðið, hann hafi ekki átt von á svona nokkru frá ákærða. Hann hafi verið með áverka við auga eða augabrún.

- 12 Vitnið lögreglumaður nr. I kvaðst tilkynningu hafa borist vegna uppákomu við [...]. Þegar komið var á vettvang hafi ákærði, B, brotþoli og G verið þar. Brotþoli hafi verið með áverka á andliti og sagst hafa verið laminn. Vitnið kvað ákærða hafa verið reiðan en ekki ógnandi við vitnið. Í lögreglubifreiðinni hafi teygjubýssa dottið úr vinstri vasa ákærða og kúlur sem virtust vera úr stáli.
- 13 Vitnið D læknir staðfesti vottorð sitt. Hann kvað skrapsár á hné brotþola geta samrýmst því að hann hafi verið dreginn til á malbiki. Hann kvaðst ekki geta svarað því hvort áverki við auga geti stafað af falli á götuna.
- 14 B er látin en hún gaf lögregluskýrslu sama dag og atvik urðu. Þar skýrði hún frá því að hafa komið heim daginn áður eftir dvöl á Akureyri. Ákærði hafi verið í íbúð hennar. Hún hafi óttast hann og því gist annars staðar. Þennan dag hafi hún komið aftur á heimili sitt og séð að ákærði hafði brotið innanstokksmuni. Hún hafi látið ákærða heyra það og sagt honum að koma sér út. Ákærði hafi brugðist illa við og meðal annars brotið spegil og blómapott, kastað í hana óopnaðri gosflösku og sparkað í vinstri sköflung hennar. Fram kemur að hún hafi brett upp buxur og lögreglumaður séð bólguhnút á legg hennar. Hún hafi lýst því að hafa reynt að fá að hringja hjá vegfarendum en enginn samþykkt það og hún því leitað til brotþola. Hún hafi hringt hjá honum og síðan fengið hann með sér heim því hún væri hrædd við að fara ein. Þau hafi hitt ákærða fyrir utan og einhver orðaskipti byrjað en ákærði svo gengið í burtu. Stuttu síðar hafi hann snúið við, verulega æstur, og spurt hvar síminn hans væri. Hún hafi sagt að hún vissi ekkert um hann og brotþoli hafi reynt að róa ákærða. Ákærði hafi þá tekið sjálfustöngina og barið henni af afli í höfuð brotþola. Ákærði hafi því næst ráðist á brotþola og þeir farið í jörðina. Brotþoli hafi reynt að verja sig en hún hafi reynt að stöðva ákærða, og það hafi tekist. Lögregla hafi síðan komið og tekið ákærða. Í skýrslunni segir að B hafi verið mikið niðri fyrir yfir því að ákærði skyldi ráðast á gamlan mann. Hún hafi beðið brotþola að koma með til að hún yrði ekki fyrir ofbeldi en hann hafi þá lent í því í staðinn.

Niðurstaða

- 15 Ákærði neitar að hafa ráðist á brotþola. Ágreiningur hafi verið milli hans og B og brotþoli hafi gengið á milli. Hann hafi haldið að brotþoli væri að ráðast á sig og því rétt slegið á enni hans. Hann hafi svo ýtt brotþola frá sér og hann þá dottið. Síðar sagði hann þó að brotþoli hafi ætlað að stökkva á hann en hann vikið sér undan og brotþoli þá dottið. Brotþoli hafi fengið þá áverka sem lýst er í ákæru við fallið. Í skýrslutöku þann dag sem atvik urðu kvað hann brotþola hafa ráðist á sig. Hann hafi sagt: „Hvað ertu að gera gamli karl, hættu þessu, þú veist þú ræður ekkert við mig, hættu þessu.“ Í skýrslutöku daginn eftir kvað ákærði brotþola allt í einu hafa ráðist á sig. Hann hafi

verið að sveifla höndunum eitthvað, þetta hafi verið kjánalegt. Brotapoli hefði þó ekki skaðað hann neitt en allt í einu hafi lögregla verið komin á staðinn. Þá skýrði hann áverka brotþola svo að hann hafi líklega fengið þá þegar hann réðst á ákærða. Hann hafi ekki slegið brotþola með stönginni en brotþoli hefði komið hoppandi að honum eins og einhver hálfviti og hefði örugglega bara stokkið á stöngina sem hann hélt á. Ef hann hefði ætlað að lemja einhvern hefði hann gert það almennilega. Hann kvaðst ekkert vita um áverka á fæti brotþola.

- 16 Brotapoli hefur lýst atvikum á sama veg frá upphafi. Að áliti dómsins er framburður brotþola trúverðugri en framburður ákærða og betra samræmi milli skýrslu hans fyrir dómi og hjá lögreglu. Þá fær framburður brotþola stuðning í frásögn B þennan sama dag og fyrirbyggjandi áverkavottorði. Með vísan til framangreinds verður talið sannað að ákærði hafi slegið brotþola eins og lýst er í ákæru. Af framburði brotþola og B verður ráðið að brotþoli hafi ekki fallið í götuna vegna höggsins heldur vegna stympinga í kjölfarið. Verður þó að telja að það sé hluti af árás ákærða á brotþola.
- 17 Brotapoli kvaðst ekki viss um að ákærði hafi haft ásetning til verksins og vísaði þá til andlegs ástands hans. Hann kvaðst þekkja ákærða og aldrei áður hafa orðið fyrir neinu slíku af hans hálfu. Brotapoli kvað ákærða þó hafa verið ógnandi og slegið hann af afli. Ákærði hefur ekki borið fyrir sig stjórnleysi eða önnur atvik sem leiði til þess að ekki teljist um ásetningsverk að ræða. Verður ákærði því sakfelldur fyrir það brot sem í ákæru greinir og varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 18 Ákærði kannast við að þau vopn sem síðari ákæruliður tekur til. Hann kvað þau hafa verið í eigu E og kvað vel geta verið að hann hafi verið með þau þótt hann minnst þess ekki. Fær það stoð í framburði brotþola og lögreglumanns nr. I að ákærði hafi verið með umrædd vopn. Í athugasemdum við 30. gr. vopnalaga í frumvarpi til þeirra laga kemur fram að allur vopnaburður á almannafæri verði ólöglegur nema við þær aðstæður sem eðlilegar geti talist. Gildi einu hvort vopn er borið opinberlega í þeim skilningi að það sé sýnilegt eða hvort það er borið innanklæða. Með hliðsjón af skilgreiningu 1. gr. laganna á hugtakinu vopn felist í 30. gr. að óheimilt er að bera á sér á almannafæri ýmis tæki sem í venjulegum skilningi og umhverfi teldust ekki vopn en unnt er að nota til að skaða fólk eða dýr. Verður fallist á að ákærði hafi, með því að hafa á sér þessi vopn umrætt sinn, gerst sekur um brot sem varðar við 1. mgr. 30. gr. vopnalaga.

Seinni ákæra

Málavextir

- 19 Samkvæmt frumskýrslu var lögregla kölluð á Sjúkrahúsið á Akureyri að morgni 18. ágúst 2023 vegna manns sem ekki væri þar velkominn. Kemur fram að lögregla hafi farið á vettvang og hitt þar ákærða sem hafi sagst vera þar til að hitta vinkonu sína sem hefði óskað aðstoðar hans. Í samtali við ákærða hafi lögregla tekið eftir vasahníf í brjóstvasa hans. Hnífurinn hafi verið tekinn og ákærði sagst tilbúinn til að afsala sér honum. Hann hafi sagst vera búinn að gleyma að hann væri með hnífinn, þetta væri vinnuhnífur sem hann notaði á sjó. Ákærði hafi hlýtt fyrirmælum um að fara út þótt hann væri ekki sáttur við það.

Framburðir fyrir dómi

- 20 Ákærði kvaðst hafa verið á sjúkrahúsinu að heimsækja B. Hann kannaðist við að hafa verið með hnífinn á sér en kvaðst ekki hafa vitað af honum.
- 21 Vitnið lögreglumaður nr. J kvað ósk hafa borist frá Sjúkrahúsinu á Akureyri um að maður, sem reyndist vera ákærði, yrði fjarlægður þaðan. Vitnið hafi þekkt ákærða vegna fyrri afskipta og rætt við hann. Ástand hans hafi verið betra en oft áður. Vitnið hafi tekið eftir hníf í vasa ákærða. Hnífurinn hafi verið tekinn og ákærða tjáð að hann yrði kærður. Hann hafi ekki mótmælt því að hún tæki hnífinn en sagt að hann væri vanur að nota hann á sjó.
- 22 Vitnið lögreglumaður nr. K kvað lögreglu hafa verið kallaða til til að fjarlægja mann á skurðeild Sjúkrahússins á Akureyri. Þau hafi rætt við ákærða og tekið eftir því að hann var með hníf. Hann hafi kannast við að eiga hnífinn og leyft þeim að taka hann.

Niðurstaða

- 23 Ákærði kannast við að hafa verið hnífinn á sér í umrætt sinn. Hann var staddur á sjúkrahúsi þar sem er augljóslega ekki eðlilegt og sjálfsagt að gestir beri bitvopn af neinu tagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. vopnalaga. Verður ákærði sakfelldur fyrir þetta brot sem er réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákvörðun viðurlaga og sakarkostnaður

- 24 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði nokkurn sakaferil og hefur ítrekað verið dæmdur til fangelsisvistar, síðast árið 2015. Eftir það hefur hann hlotið einn refsisdóm, þann 24. janúar 2019, þegar hann var dæmdur til greiðslu sektar og ökuréttarsviptingar fyrir umferðarlagabrot. Þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.
- 25 Ákærði hefur borið að stunguhnífur, teygjubyssa og kúlur í hana hafi verið í eigu manns sem nú er látinn. Með vísan til þess og 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er fallist á upptökukröfu ákæruvalds varðandi þá muni. Á hinn bóginn er ekki fram komið að vasahnífur sem síðari ákæra tekur til sé vopn sem óheimilt er að eiga og verður ekki séð að lagaheimild standi til þess að gera hann upptækan.
- 26 Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns svo sem greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Kristinn Kristinsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Gerð eru upptæk stunguhnífur, teygjubyssa og kúlur í hana.

Ákærði greiði 724.496 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Andrésar Más Magnússonar lögmanns, 709.280 krónur.